

# Prentun í Alma.

**Athugið að þessar leiðbeiningar eiga ekki við um útprentun á miðum á bækur, þ.e. þessa hefðbundnu strikamerki og kjalmiði útprent sem menn þekkja úr eintakatengingu í gamla Gegni. Þar er notað annað forrit þar sem notandinn þarf að velja prentara sem á að nota.**

Alma reynir að senda sem mest af gögnum í tölvupósti til notenda en sumt er hannað til að prentast út á prentara, þetta eru þá aðallega „frátektarmiðar“ og aðrir miðar sem eiga að fylgja gögnum sem eru í einhverju ferli, t.d. eru sendir í viðgerð ,eiga að fara á annað safn o.s.frv.

Fyrir flest söfn hefur verið sett upp ein prentbiðröð, og er auðkennið á henni safnakóðinn + 01-01-a4, t.d. er prentarinn í afgreiðslunni á Bókasafni Akraness AKRAV-01-01-kv. Þar er líka önnur biðröð, AKRAV-01-01-a4. Þar sem tveir eða fleiri prentarar eru skilgreindir fyrir Bókasafn Akraness þarf starfsfólkið þar að velja hvaða prentara það vill nota þegar það skráir sig inn. Sá sem er í afgreiðslu og vill að útprentin komi á kvittanaprentarann í afgreiðslunni velur þá AKRAV-01-01-kv þegar hann skráir sig inn. En bókaforður sem situr í bakherbergi og er að vinna með gögn vill fá útprentið á prentarann við hliðina á sér og velur því AKRAV-01-01-a4. Ef söfn þurfa fleiri prentara þarf að láta Landskerfi vita og þá er hægt að setja þá upp fyrir safnið. Þessar prentbiðraðir eru einskonaar geymslustaðir fyrir það sem á að prentast út, það þarf að segja Alma á hvaða tæki á viðkomandi safni eigi að prenta út.

Það er þrennskonaar verklag sem hægt er að nota fyrir þessi útprent og þarf að velja hvaða verklag menn vilja. Verklag 1 er einfaldast og verklag 3 flóknast. Ef prentpúkin er settur upp í upphafi (þ.e. verklag 3) þá er lítið mál að breyta um og taka upp einfaldara verklag. Á mörgum söfnum þarf að kalla til tölvumenn til að setja inn forritið fyrir ótengd útlán og því sjálfsagt að biðja um að prentpúkin sé settur upp í leiðinni.

## Verklag 1

Þegar notandi skráir sig inn þarf hann að velja staðsetningu og prentara, ef það er meira en einn prentari skilgreindur fyrir safnið. Það er hægt að setja hak í „Enable quick printing“ líka og þá kallar Alma upp prentskipunina í vafranum þegar hún vill prenta eitthvað og þar er hægt að velja prentara og prenta út eða smella á „Hætta við“ til að sleppa því að prenta miðann út.

## Verklag 2

Ef ekki er hakað við „Enable quick printing“ í varfanum fer öll útprentun úr Alma á svokallaðar prentbiðraðir. Þá er mjög mikilvægt að velja réttan prentara, ef meira en einn prentari er skilgreindur fyrir safnið. Þá fer prentverkið á þá biðröð sem er tilgreind þegar notandinn skráir sig inn en ekkert prentast út. Þess í stað þarf að fylgjast með biðröðinni og prenta út handvirkt eftir þörfum. Hægt er að skoða hvort eitthvað bíði þess að vera prentað út með því að smella á táknið fyrir verkefnalistann

Bókasafn Akraness - Afgreiðsla

Verkefni

Collapse all ^

^ Aðsendar MSL-beiðnir	1
Nýtt – án úthlutunar	1
^ Aðrar beiðnir	4
Sótt í hillu	4
^ Print Queue	1
Resource Request Slip Letter	1
^ Útsendar MSL-beiðnir	4
Með virkar athugasemdir – án úthlutunar	1
Nýtt – án samstarfsaðila – án úthlutunar	3


Smella hér til að komast í verkefnalista

Hér er frátektaþeirni sem bíður þess að verða prentuð út.

Þegar smellt er á prentverkið opnast svo ný síða, þar er hægt að velja allt og prenta út eða prenta bara ákveðið prentverk, t.d. einn tiltekinn frátektaarmiða. Það þar semsagt að fylgjast með prentbiðröðinni og prenta sjálf/ur út.

### Verklag 3

Nota prentpúkann. Þá þarf að sækja hann og setja upp á tölvu sem getur talað við þann prentara sem á að nota og sú tölvu þarf að vera nettengd og geta talað við Alma kerfið. Þegar prentpúkin er settur upp þarf að segja honum á hvaða prentbiðröð á að hlusta, á hvaða prentara hann á að senda útprentið og hversu oft púkin á að spyrja Alma hvort það sé eitthvað sem bíður þess að verða prentað út. Hér eru t.d. stillingar fyrir kvittanaprentara í afgreiðslunni á Bókasafni Akraness: Púkin hlustar eftir nýjum verkum á AKRAV-01-01-kv prentarabiðröðinni og spyr Alma á 30 sekúndna fresti (þ.e. 0.5 mínútna fresti) hvort það sé eitthvað sem á að prenta út. Ef svo er sækir púkin prentverkið og sendir á prentarann EPSON TM-T20III. Hér þarf starfsmaður ekki að gera neitt nema fylgjast með því að prentpúkin og prentarinn séu í gangi, kerfið sér sjálft um að senda á prentarann og bókavörður þarf þá bara að sækja blaðið í prentarann.




Mynd 1: Stillingar fyrir kvittanaprentara í Afgreiðslu á Bókasafni Akraness

Það sem kemur í þessar prentbiðraðir er aðallega miðar sem Alma prentar út starfsfólki til þæginda, t.d. miðar um að gagn eigi að flytjast á annað bókasafn, í aðra safndeild, í viðgerð eða eigi að fara í frátektarhillu. Það er misjafnt eftir söfnum hvort Alma sé stillt á að prenta út miða fyrir tiltekið verk. Þannig getur t.d. eitt bókasafn látið kerfið prenta út fyrir sig miða um að gagn eigi að fara í aðra safndeild en annað safn er með kerfið stillt til að prenta ekki slíka miða.

Hér verða menn að meta hvaða verklag hentar þeim best. Ef það gerist sjaldan að kerfið spýti út miðum er senniega einfaldast að nota valkost 1 og hafa alltaf stillt á „Enable quick printing.“ En ef prentglugginn opnast oft þegar verið er að skila og það truflar flæði við afgreiðsluborðinu þá má taka hakið úr „Enable quick printing“ og nota þá valkost 2. eða 3. Það er auðvelt að setja prentpúkann upp og auðvelt að slökkva á honum þannig að söfnin hafa val um hvaða leið þau vilja fara.

Það er vel hugsanlegt að það borgi sig að fá tölvumann til að setja prentpúkann upp og slökkva bara á honum ef menn vilja ekki þessa sjálfvirku prentun, þá er tiltölulega auðvelt að kveikja aftur á honum ef mönnum snýst hugur.

Athugið að þegar búið er að ræsa prentpúkann upp slekkur hann ekki á sér þegar smellt er í X í hægra horninu heldur fer niður á tólastikuna. Til að drepa alveg á honum þarf að fara þangað, smella á hornið ^ og finna þar táknmyndina fyrir prentpúkann. Þar er hægrismellt og valið „Quit.“ Þá á púkin að drepa á sér og hætta að fylgjast með prentbiðröðinni.




## Prentpúkin sóttur og settur upp.

Prentpúkin er sóttur á vef Landskerfis bókasafna.

<https://landskerfi.is/kerfin/innleiding-almaprmo-ve/leidbeiningar/leidbeiningar> og heitir skráinn „alma-print-daemon Setup 2.2.0.exe.zip“


Þegar búið er að hlaða niður skránni þarf að afþjappa hana og síðan er uppsetningaforritinu keyrt með því að tvísmella á „alma-print-daemon Setup 2.2.0.exe“. Windows notandinn þarf að hafa næg réttindi til að geta sett forritið inn.

Smella á yes í glugganum sem kemur upp og setja hak í “Anyone who uses this computer (all users)”




Þegar uppsetningarferlinu er lokið þarf að ræsa forritið upp.

Þegar forritið er keyrt í fyrsta skipti ætti það að líta svona út.




The screenshot shows the 'Alma Print Daemon - Configuration' window. It features a menu bar with 'File' and 'Edit'. The 'Region' is set to 'Europe'. Below this, there is a section for API key configuration with the text: 'API key with read permission for the Configuration area, and read/write permissions for the Task-Lists area:'. A dropdown menu is labeled 'Veldu safnakjarna' and is currently empty. To its right is a 'Test API Key' button. Below the API key section, there are two radio buttons: 'Automatic printing' (selected) and 'Manual printing'. An 'Interval in minutes (ie: .25, 1, 1.5, 5):' field contains the value '5', and an 'Auto Start' checkbox is unchecked. A large empty box is labeled 'Printer Profiles:'. At the bottom, there are four buttons: 'Add Printer Profile', 'Remove Printer Profile', 'Save and Continue Printing', and 'Cancel and Continue Printing'.

Fyrst þarf að velja API lykil með því að smella á fellivalmyndina „Veldu safnakjarna“.



Síðan smella á Test API key til að staðfesta að lykillinn virki. Ef allt er í lagi á að spretta upp gluggi með textanum „Your API key is valid“. Einstaka sinnum þarf að velja safnakjarna aftur svo að API lykill virki rétt. Ef það gerist ekki þá er eitthvað að og þarfnast nánari skoðunar.

Vinsamlegast ekki breyta Region stillingunni sem á að vera sett á „Europe“.



En ef allt er í lagi er næsta skrefið að stilla prent prófílana.

Við byrjum á að stilla „Interval in minutes“ sem er tíðnin sem þúkinn á að spyrja Ölmu hvort nýtt prentverk sé komið í biðröðina og einingin er mínútur. Til að spyrja á 30 sekúndna fresti er þá sett inn .5 (punktur og fimm).

Alma Print Daemon - Configuration

File Edit

Region: Europe

API key with read permission for the Configuration area, and read/write permissions for the Task-Lists area:

Almenningsbókasöfn

Test API Key

Automatic printing  Manual printing

Interval in minutes (ie: .25, 1, 1.5, 5): .5  Auto Start

Printer Profiles:

t.d. 0.5  
(tvisvar á mínútu)

Add Printer Profile Remove Printer Profile

Save and Continue Printing Cancel and Continue Printing



Næst er smellt á "Add Printer Profile".

Alma Print Daemon - Configuration

File Edit

Region:

API key with read permission for the Configuration area, and read/write permissions for the Task-Lists area:

Automatic printing  Manual printing

Interval in minutes (ie: .25, 1, 1.5, 5):   Auto Start

Printer Profiles:

Smella hér til að setja upp prentara og prentarabiðröð

Þá þarf að velja þá prentarabiðröð sem verið er að stilla. Prentarabiðraðir eru skilgreindar í Alma og þarf eina prentarabiðröð fyrir hvern prentara sem á að nota. Þegar notendur skrá sig inn í Alma þurfa þeir að segja henni hvar þeir eru að vinna t.d. Afgreiðsla á Bókasafni Akraness og svo hvaða prentbiðröð þeir vilji nota t.d. AKRAV-01-01-kv. Þá fara útprent úr Alma í þá prentbiðröð.

Alma Print Daemon - Configuration

File Edit

Region: Europe

API key with read permission for the Configuration area, and read/write permissions for the Task-Lists area:

Almenningsbókasöfn

Test API Key

Automatic printing  Manual printing

Interval in minutes (ie: .25, 1, 1.5, 5): .5  Auto Start

Select Alma Printer Queue(s):

- AHUAN-01-01-a4 - Sjálftgefninn A4 prentari
- AKRAV-01-01-a4 - Sjálftgefninn A4 prentari
- AKRAV-01-01-kv - Sjálftgefninn kvítanaprentari

Select Local/Network Printer:

\\landsbok1\Lexmark XC4150 PS3

Format: A4

Border unit of measure: millimeters

Border Top:

Border Right:

Border Bottom:

Border Left:

Portrait  Color

Landscape  Grayscale

OK Cancel

velja prentararöð

Þegar búið er að velja prentbiðröðina þarf að segja Print daemoninum á hvaða prentara hann eigi að prenta það sem kemur inn í prentbiðröðina og stilla pappírsstærðina.

Alma Print Daemon - Configuration

File Edit

Region: Europe

API key with read permission for the Configuration area, and read/write permissions for the Task-Lists area:

Almenningsbókasöfn

Test API Key

Automatic printing  Manual printing

Interval in minutes (ie: .25, 1, 1.5, 5): .5  Auto Start

Select Alma Printer Queue(s):

- AHUAN-01-01-a4 - Sjálfgegninn A4 prentari
- AKRAV-01-01-a4 - Sjálfgegninn A4 prentari
- AKRAV-01-01-kv - Sjálfgefninn kvittanaprentari

Select Local/Network Printer:

- \\landsbok1\Lexmark XC4150 PS3
- ZDesigner ZD421-300dpi EPL
- OneNote for Windows 10
- OneNote (Desktop)
- Microsoft XPS Document Writer
- Microsoft Print to PDF
- Fax
- EPSON TM-T20III Receipt (workstation default printer)**
- \\landsbok1\Lexmark XC4150 PS3

Landscape  Grayscale

OK Cancel

Velja prentara sem á að prenta út á

Búið er að biðja um að boðið verði upp á möguleika á að velja 8 sm breidd en eins og stendur er skárst að velja a5 og portrait stillingar fyrir útprent úr miðaprenturum.

Þegar búið er að setja allar stillingar inn er svo smellið á “Save and continue”. Ef hakað er við “Auto Start” þá byrjar prentunin um leið og forritið er ræst. Forritið sjálf ræstir upp um leið og tölvun ræsir sig upp og þarf því ekki að muna eftir að kveikja á því í hvert skipti sem tölvun er ræst eða notandi skráir sig inn.

Alma Print Daemon - Configuration

File Edit

Region: Europe

API key with read permission for the Configuration area, and read/write permissions for the Task-Lists area:

Almenningsbókasöfn

Test API Key

Automatic printing  Manual printing

Interval in minutes (ie: .25, 1, 1.5, 5): 5  Auto Start

Printer Profiles:


Alma Printer: AKRAV-01-01-a4 - Sjálfgefninn A4 prentari  
Local Printer: EPSON TM-T20IIIL Receipt  
Orientation: portrait  
Color: true  
Format: A4  
Border (mm): top 0, right 0, bottom 0, left 0

Add Printer Profile Remove Printer Profile

Save and Continue Printing Cancel and Continue Printing


Smella á Save and Continue Printing

Þegar forritið er rétt sett upp á það að líta svona út í venjulegri notkun:



Óhætt er að loka glugganum þar sem forritið heldur áfram að keyra í bakgrunni.

Til þess að virkja gluggan aftur þarf að opna „Tray“ valmyndina í Windows og smella á „Alma Print Daemon“ myndtákn.



Til að slökkva á því þarf að hægri smella á „Alma Print Daemon“ og velja „Quit“.

